Neistinn



Fréttabréf styrktarfélags hjartveikra barna. 1. tbl. 3. árg. 2006

Efnisyfirlit

2 Efnisyfirlit og fréttir.
3 Pistill formanns.
3 Hlutaveltur fyrir Neistann.
4 Hjartveikur í skólanum.
6 Nýtt fyrirkomulag í hjartalækningum.
7 Norrænar sumarbúðir.
8 Brúðkaupsgjafir og málverk.
10 Afmælisgjafirnar til Neistans.
12 Þegar hjartagalli greinist á meðgöngutímanum.
16 Jólaball Neistans.
17 Grindavíkurkraftur.
18 Stjórnarkona Neistans á Alþingi
20 Smásagnasamkeppni – verðlaunasögurnar þrjár.
21 Gráni gamli.
22 María Ósk.
23 Piparkökuhjartað.

• Útgefandi: Neistinn - Styrktarfélag hjartveikra barna.
• Ritstjóri: Páll Kristinn Pálsson.
Netfang: pallkristinn@internet.is.
• Ábyrgðarmaður: Margrét M. Ragnars.
• Umbrot: hskj/Öflun.
• Mynd á forsíðu: Guðrún Bergmann.
• Prentun: Prenttækni ehf.
• Heimilisfang: Síðumúla 6, 108 Reykjavík.
Sími 552-5744, www.neistinn.is - neistinn@neistinn.is.

Fréttir

Spjallfundur

Við ætlum að hittast og spjalla saman á léttu nótunum þann 12. apríl næstkomandi kl. 20.00 að Síðumúla 6 (gengið er inn að aftan). Meðal annars verður rætt um ferð tveggja stjórnarkvenna, en þær fóru í október síðastliðnum á Norðurlandaþing sem haldið var í Danmörku. Margt áhugavert var rætt þar varðandi málefni hjartveikra barna. Einnig verður rætt um hvað má gera betur í okkar starfi og hvað er til dæmis hægt að gera fyrir unglingana okkar. Bára Sigurjónsdóttir hjúkrunarfræðingur mætir. Við hvetjum sem flesta foreldra og aðra aðstandendur til að mæta og ræða um þessi málefni.

Munið aðalfund Neistans

Aðalfundur Neistans verður haldinn miðvikudaginn 24. maí næstkomandi í Seljakirkju og hefst stundvíslega klukkan 20.00. Venjuleg aðalfundarstörf. Kaffiveitingar.

Stjórnin.

Gott málefni þarfnast fjármagns

Neistinn er styrktarfélag hjartveikra barna og aðstandenda þeirra. Starfsemin gengur bæði út á að veita þeim félagslegan stuðning og fjárhagslega styrki eftir mætti, þar sem langvinn veikindi koma oft verulega niður á fjárhagsafkomu heimilanna.

Fjáröflun er því stór þáttur í starfi Neistans og fer fram með ýmsum hætti. En hægt er að styrkja starfið beint með framlagi á reikning okkar í Landsbankanum. Reikningsnúmerið er 0101-26-4995 og kennitala Neistans 490695-2309.

Neistinn hefur einnig tekjur af sölu minningarkorta, sem afgreidd eru á skrifstofu Hjartaheilla í síma 552 5744.

Pistill formanns

Á tímamótum

Allt sem gott er gert virkar til góðs, sagði móðir mín Sigríður Guðmundsdóttir við mig þegar hún hvatti mig til að taka þátt í stofnun Neistans, styrktarfélags hjartveikra barna. Þetta var árið 1994 og við hjónin vorum nýkomin heim frá London með Sigríði Huld dóttur okkar úr hjartaaðgerð. Fljótlega eftir heimkomuna kynntist ég Elínu Viðarsdóttur sem kom mér í samband við frumkvöðla félagsins, þær Jane Alexander, Ester Agnarsdóttur og Gunnhildi Hreinsdóttur. Ég tók þátt í undirbúningsstarfi þeirra ásamt Ólöfu Sigurjónsdóttur sem ég hafði kynnst á spítalanum London. Við stofnuðum félagið þann 9.5. 1995. Móðir mín, sem lést þann 28.12. síðastliðinn, var fyrsti skráði félagsmaður í Neistanum og velunnari alla tíð. Blessuð sé minning hennar.

Það líður að aðalfundi félagsins okkar og formannsferli mínum fer að ljúka. Það er ekki síst þess vegna að ég rifja upp þessi orð móður minnar. Ég vil trúa því að góðir hlutir hafi gerst á síðastliðnum tíu árum, til hagsbóta fyrir þær fjölskyldur sem deila þeirri sameiginlegu lífsreynslu að eiga hjartveikt barn. Fyrir mig sem einstakling hefur starfið verið bæði þroskandi og gefandi. Ég hef eignast vináttu sem ekki verður frá mér tekin þó að formannsstarfi mínu ljúki. Ég hef haft ánægju af að fylgjast með stjórnarkonum sem með mér starfa í Neistanum. Þeim er ekki fisjað saman. Þær hafa sýnt það aftur og aftur að þær koma því í verk sem þær ætla sér. Þær hafa fengið frábærar hugmyndir og gefið tíma sinn til að koma þeim í framkvæmd. Ég vil þakka þessum konum stuðning og samheldni í stjórn sem hefur verið vakandi og sofandi yfir velferð félagsins okkar. Það er styrkur formanns þegar svo ósérhlífnir einstaklingar gefa vinnu sína.

Það bíður nýrrar stjórnar að efla félagið enn frekar. Við höfum rætt mikið um unglingastarf og héldum félagsfund þar sem kanna átti áhuga félagsmanna og ræða hugmyndir um framkvæmd á slíku starfi. Gestur fundarins var Hálfdán Þorsteinsson formaður Dropans, félags sykursjúkra barna. Dropinn er með mjög öflugt félagsstarf og hægt er að læra margt af því ágæta félagi.

Aðalfundur Neistans verður þann 24. maí næstkomandi kl 20.00. Ég bið þá félagsmenn sem hafa áhuga á að koma að stjórnun félagsins að setja sig í samband við mig í síma 8991823 eða Guðrúnu á skrifstofu Hjartaheilla í síma 5525744. Ég vil svo að lokum óska félaginu alls hins besta.

Með hjartans kveðju,
Margrét M. Ragnars.

Hlutaveltur fyrir Neistann

Áhverju ári taka röskir krakkar sig til og efna til hlutaveltna til styrktar Neistanum. Brosfögru systurnar tvær heita Guðrún Kristín og Sara Karen, en þeirra hlutavelta skilaði 8.600 krónum til okkar. Á hinni myndinni eru Bjarni Dagur, Edda Björk, Ísak og Ólöf Birna, ásamt Guðrúnu Bergmann hjá Neistanum. Þeirra hlutavelta skilaði 12.179 krónum.

Neistinn þakkar þeim kærlega fyrir stuðninginn.

Hjartveikur í skólanum

Eftir Björgvin Sigurðsson

Neistinn hélt málþing um skólagöngu hjartveikra barna í menningarmiðstöðinni Gerðubergi þann 28. október síðastliðinn. Einn þeirra sem þar kom fram og lýsti reynslu sinni var Björgvin Sigurðsson. Er skemmst frá því að segja að frásögn Björgvins vakti mikla athygli viðstaddra, og ekki síst hvað hann var æðrulaus í ræðupúltinu. Við fengum leyfi til að birta frásögn hans hér í blaðinu, nánast óbreytta.

Góðir fundargestir.

Ég heiti Björgvin Sigurðsson, er tvítugur nemi og hjartveikur. Það kom í ljós fljótlega eftir fæðingu að eitthvað var ekki eins og það ætti að vera með hjartað mitt. Ég var með gallaða ósæðarloku og þrengsli í ósæð. Það var vitað að ég þyrfti að fara í aðgerð erlendis því það voru ekki gerðar flóknar aðgerðir á börnum hér heima. En best þótti að bíða með aðgerð eins lengi og hægt væri. Því eldri því betra og þá þyrfti ekki að endurtaka aðgerðir eftir því sem maður þroskaðist.

Ég var að verða tólf ára þegar ég fór í fyrstu aðgerðina en hafði farið í hjartaþræðingar áður og var í eftirliti á þriggja til fjögurra mánaða fresti öll árin á undan og er reyndar enn. Hróðmar Helgason hefur alltaf verið hjartalæknirinn minn. Ég er einn af hans fyrstu „barnasjúklingum“. Hann er alveg frábær læknir og ég vildi ekki hafa neinn annan.

En það sem ég ætlaði að tala um hérna í dag er skólagangan og reynsla mín af henni. Ég var fjörugur strákur og það snérist allt um fótbolta og körfubolta, sem eru mín aðal áhugamál. En fljótlega fann ég að ég hafði ekki eins mikið úthald og félagar mínir og fór það alltaf versnandi með tímanum. Til dæmis notaði ég það oft þegar ég var í fótbolta, að ég lagðist niður, greip um löppina og þóttist vera meiddur, en í raun var ég bara að hvíla mig og safna orku til að halda áfram.

Svo var það 30. apríl árið 1997 að ég datt niður meðvitundarlaus í skólanum. Hafði ég verið að stríða vini mínum, tók úlpuna hans, hljóp með hana út og þar hneig ég niður meðvitundarlaus og man ekkert eftir neinu fyrr en inn á Landspítala. Kennararnir sögðu að þeir hefðu haldið að ég væri að fíflast og gerðu ekkert þó nokkra stund, eða ekki fyrr en þeir sáu að ég var búinn að æla útum allt og skólasystir mín sagði að ég væri hjartveikur. Þá var hringt í mömmu og sagt við hana að ég væri eitthvað veikur og lægi á skólalóðinni og væri búinn að æla. Spurt var hvort hún vildi koma að ná í mig eða hvort þeir ættu að hringja á sjúkrabíl. Auðvitað sagðist mamma koma strax en uppgötvaði um leið og hún lagði á að hún hafði engan bíl. Sem betur fór kom bróðir minn heim og þau fóru

Björgvin 12 ára eftir fyrstu aðgerðina.

olís

HJARTAVERND

KB BANKI

á bílnum hans út í skóla og náðu í mig. Þá var ég aðeins að ranka við mér en var mjög máttlaus og átti erfitt um mál að hennar sögn.

Þau drösluðu mér inn í bíllinn og keyrðu eins og brjálæðingar með mig á Landspítalann. Hjúkrunarfólkið sem tók á móti mér var alveg hissa á við kæmum ekki í sjúkrabíl, en mamma segist hafa brugðist rangt við í öllum látunum. Ég var lítið í skólanum þann mánuð sem var eftiraf skólaárinu, en fékk send heim verkefni sem mamma hjálpaði mér með að leysa.

Allt sumarið var ég í bómull og um haustið fór ég í aðgerð sem gekk vel. Ég byrjaði í skólanum aftur um miðjan nóvember en fékk enga kennslu fram að þeim tíma. Frá og með áramótunum fór heilsu minni að hraka mikið og var ég lítið sem ekkert í skólanum fram til ársins 1999 en þá um vorið fór ég í aðra hjartaaðgerð. Veikindi mín voru það mikil að ég mætti orðið bara tvo til þrjá daga í skólann í hverri viku. Eitt sinn missti ég þrjár vikur samfleytt úr skólanum, en það var aldrei hringt og athugað hvort ég væri lífs eða liðinn eða bara hættur.

Eftir mikið þras og kvartanir hjá mömmu kom kennari heim fyrir seinni aðgerðina og lét mig taka fjögur próf á tveimur tímum. Ástæðan fyrir því að kennarinn kom heim í þetta eina skipti var að þetta voru samrænd próf sem er skylda fyrir alla að taka. Mamma kvartaði við fræðslumálastjóra Reykjaness yfir að fá ekki kennslu fyrir mig en hann sagði að sveitarfélögin hefðu vissa upphæð í aukakennslu og að hún væri svo lítil að hún dygði ekki fyrir alla sem þyrftu á henni að halda.

Nú er ég í framhaldsskóla og ég er oft veikur því ég er með mjög lélegt ofnæmiskerfi og fæ allar pestir sem eru að ganga. Ég þarf að skila inn vottorði fyrir hvern einasta tíma sem ég kemst ekki í skólann hvort sem það er einn tími, einn dagur eða margir dagar. Í byrjun síðustu annar var ég látinn skrifa undir bréf um að ég mundi skila inn vottorði fyrir hvern einasta tíma sem ég gæti ekki mætt þó svo að í byrjun skólans hafi ég skilað inn vottorði um að ég væri langveikur.

Í fyrra var mér neitað um inngöngu í skólann vegna lélegrar mætingar en ég var latur við að skila inn endalausum vottorðum. Þegar mamma talaði við námsráðgjafann sagði hún við hana að þetta væri ekki félagsmálastofnum. Þrátt fyrir þennan mótbyr ætla ég mér að útskrifast eftir ár af viðskiptabraut.

Félagslífið hefur ekki verið gott. Hin vilja ekki hafa mann með ef maður getur ekki gert það sem þau vilja gera, svo maður verður oftast út undan. Það verður þreytandi að eltast við að fá að vera með vinum sínum þegar þeir eru oftast að gera eitthvað sem maður getur ekki gert, eins og að stunda íþróttir. Með tímanum gefst maður upp á að eltast við þá og einangrast algjörlega. Þeir vilja ekki hanga með manni þegar þeir geta verið úti að hamast í sparkíþróttum og öðru sem ég hef ekki mikið úthald í.

Takk fyrir.

Björgvin og Hanna Rúna unnusta hanns.

Logaland Lækningatæki
NÓI SÍRÍUS
Samkaup

Nýtt fyrirkomulag í hjartalækningum

Viðtal:
Páll Kristinn Pálsson

Um síðustu áramót var Hróðmar Helgason sérfræðingur í hjartasjúkdómum barna ráðinn í 20% starf hjá Landspítala Háskólasjúkrahúsi við meðhöndlun fullorðinna með meðfædda hjartagalla. Fram til þessa hefur meðhöndlun barna með meðfædda hjartasjúkdóma verið í höndum barnalækna sem hafa sérhæft sig í meðfæddum hjartasjúkdómum, en fullorðnir með meðfædda hjartasjúkdóma að mestu notið umönnunar hefðbundinna hjartasérfræðinga. Undanfarin ár hefur smám saman þróast ný undirsérgrein sem tekur til vandamála þessa sjúklingahóps.

Hróðmar Helgason hjartalæknir.

„Ég starfaði á þessu sviði í Gautaborg í Svíþjóð en þar hefur þetta fyrirkomulag verið á um nokkurra ára skeið.“ segir Hróðmar, sem hefur um langt árabil verið einn helsti hjartalæknir barna hér á landi. „Þegar ég kom þaðan aftur síðastliðið haust byrjaði ég strax að vinna að því að þetta fyrirkomulag yrði tekið upp hér á landi. Í Gautaborg er svona eining hluti af hjartadeildinni. Barnalæknar vísa sínum sjúklingum þangað þegar þeir eru orðnir átján ára og læknar fullorðinna vísa einnig þangað þeim sem greinast með meðfæddan hjartasjúkdóm eftir átján ára aldur.“

Hefur verið mikill munur á meðhöndlun barna og fullorðinna sem greinast með meðfæddan hjartagalla?

„Munurinn hefur einkum falist í því að læknarnir sem annast þessa hópa hafa ólíkan bakgrunn og búa yfir ólíkri þekkingu. Sérfræðingar í hjartasjúkdómum fullorðinna fást fyrst og fremst við kransæðasjúkdóma, lokusjúkdóma og vöðvasjúkdóma, sem eru áunnir sjúkdómar í áður heilbrigðu hjarta. Barnalæknarnir fást hins vegar við meðfæddu sjúkdómana og þeim fylgja allt aðrar tegundir vandamála. Við átján ára aldur, lögræðisaldurinn, flyst umönnun sjúklinganna frá barnaspítalanum yfir á fullorðinsdeildirnar og þar er eðli málsins samkvæmt ekki fyrir hendi sama þekking á vandamálum þessa hóps. Hið nýja fyrirkomulag bætir úr því.“

Einn dagur í viku

Er þá sama fyrirkomulag hér og úti í Gautaborg?

„Nei, við erum enn of fámenn til að geta starfrækt sérstaka einingu eins og er úti í Gautaborg, en þar er einn læknir í fullu starfi, þrír í hlutastarfi og tveir hjúkrunarfræðingar. Miðað við það umfang ættum við að vera með einn lækni í hálfu starfi til að sinna bara þessu. Núna höfum við vísi að þessu með 20% stöðu minni, sem jafngildir einum degi í viku, sem er þó alveg á mörkum þess að nægja. Algengt er að tvær hjartaþræðingar séu gerðar á viku og átta klukkustundir duga tæplega til þess að sinna þeim ásamt undirbúningi og annarri vinnu sem þeim fylgir.

Það er varla hægt að kalla þetta sérstaka einingu hjá okkur, þetta er miklu frekar ákveðið hugtak. Við barnalæknarnir höfum haldið utan um þetta með aðsetur á barnaspítalanum, en erum svo í samstarfi við lyflækningadeildina og fleiri deildir spítalans. Samfara þessum breytingum hefur meðferðarmöguleikum með hjartaþræðingum fjölgað talsvert mikið. Núna getum við lokað opum á milli gátta með hjartaþræðingu. Við byrjuðum á því í haust og höfum sinnt fimmtán sjúklingum, bæði börnum og fullorðnum, sem áður hefðu ýmist þurft að gangast undir opna hjartaskurðaðgerð eða fara á sjúkrahús erlendis til að fá þetta gert í hjartaþræðingu.

Víða erlendis er þjónusta við fullorðið fólk með meðfædda hjartasjúkdóma orðin að sérstakri sérgrein innan hjartalækninga. Þessi sjúklingahópur er orðinn svo stór, eða eins og einn góður kollegi minn sagði á einhverju þingi í fyrra, þá eru í dag fleiri fullorðnir með meðfædda hjartasjúkdóma en börn. Tímabilið eftir átján ára aldurinn er auðvitað svo miklu lengra. Á

síðustu þrjátíu árum hefur orðið til nýr sjúklingahópur sem samanstendur af fólki sem gengist hefur undir aðgerð vegna meðfædds hjartasjúkdóms, en þau börn sem slíkan galla höfðu dóu einfaldlega oft hér áður fyrr.“

Flóknari gallar í æsku

Er það þá ekki merki um framfarir í meðhöndluninni?

„Jú, að sjálfsögðu, og þær koma líka fram í því að stærsti hluti þeirra lifir mjög góðu lífi. Hjá slíkum börnum sem svo fullorðnast getur þetta verið tiltölulega einfalt ferli. Viðkomandi gengst undir eina aðgerð og allt er í stakasta lagi eftir hana. Aðrir þurfa að gangast undir fjölmargar aðgerðir og eiga svo áfram við vandamál að stríða að einhverju leyti á fullorðinsárum. Svo geta alltaf komið fram ný vandamál.

Þess ber að geta að þær tegundir meðfæddra hjartasjúkdóma sem greinast hjá fullorðnu fólki eru yfirleitt ekki mjög flóknir gallar. Flóknir gallar koma oftast nær fram strax í æsku. En algengur galli hjá fullorðnum er að opið sé á milli hjartagátta, eða þrenging í ósæðinni og ýmsir lokukvillar. Sumum er hægt að sinna með skurðaðgerð, öðrum með hjartaþræðingu.“

Hafa þeir sem greinast á fullorðinsárum verið veikir alla sína ævi án þess að gera sér grein fyrir því?

„Svarið er bæði já og nei. Nei, af því að þeir hafa ekki fundið fyrir neinum einkennum vegna þess þeir hafa aldrei þekkt neitt annað en að vera eins og þeir eru. Þetta er mjög algengt hjá þeim sem hafa verið með op á milli gátta. Þegar búið er að loka á milli og fólk kemur í eftirlit nokkrum mánuðum síðar talar það nánast alltaf um hvað almennn líðan þess sé orðin allt önnur og miklu betri. Ég hef verið að rannsaka þetta sem hluta af doktorsverkefni sem ég er að vinna að úti í Gautaborg. Þar hefur komið í ljós að yfir 70% af þeim þar sem lokað hefur verið á milli gátta telja sig finna mun á sér eftir aðgerðina, bæði í almennri líðan og úthaldi, jafnvel þótt fólk sé komið yfir sjötugt. Það sama má segja um þrengingu í ósæð. Það er mjög oft sem hár blóðþrýstingur leiðir til greiningar á henni og svo þegar búið er að lagfæra hana kemur í ljós að þetta hefur orsakað vandamál. Þess vegna er svarið bæði já og nei. Fólk finnur ekki fyrir þessu af því að það þekkir ekkert annað“ .

30 nýir sjúklingar á ári

Hvað greinast margir á hverju ári með meðfæddan hjartsjúkdóm?

„Satt best að segja veit ég það ekki alveg fyrir víst. Það er alltaf hægt að leika sér með tölur. Ef við lítum bara á sjúklinga sem þurft hafa inngrip, opnar aðgerðir, hjartaþræðingar eða slíkt, eru það um 30 nýir sjúklingar á ári, bæði börn og fullorðnir. Það er býsna stór hópur þegar sú tala er margfölduð með árafjölda mannsævinnar.“

Hvernig sérðu fyrir þér að þróunin verði hjá ykkur á næstu árum?

„Vonandi getum við aukið þessa þjónustu með tímanum. Í augnablikinu held ég utan um þetta, en Gunnlaugur Sigfússon, félagi minn á barnadeildinni, er með mér í þessu, enda þurfum við að geta gengið inn í verk hvor annars. Enginn einn maður getur verið alltaf til staðar. Svo erum við með þriðja manninn, Kristján Eyjólfsson frá almennu hjartadeildinni, sem kemur inn í þetta starf líka, sérstaklega í kringum hjartaþræðingarnar.

Það er einmitt þetta samsafn af reynslu og þekkingu úr ólíkum áttum sem gerir það að verkum að hægt er að vinna þetta svona, samstarfið milli undirgreinanna skiptir miklu máli. Áherslan er á þekkinguna sem er til staðar á hverjum tíma og þjónustu við sjúklingana. Markmiðið er að sjálfsögðu að veita skjólstæðingum okkar eins góða þjónustu og hægt er.“

Norrænar sumarbúðir

Tveimur unglingum á aldrinum 14 til 17 ára býðst að fara sér að kostnaðarlausu í norrænar sumarbúðir hjartveikra barna, sem verða á Ævintýraeynni (Seikkailusari) við Emäsalo í Finnlandi dagana 22. til 27. júlí næstkomandi. Umsóknarfresturinn er að renna út, svo það er um að gera að hringja hið bráðasta í Guðrúnu Bergmann á skrifstofu Neistans. Símanúmerið er 552-5744.

Brúðkaupsgjafir og málverk

Hinn landsþekkti bakari Jói Fel er mikill velunnari Neistans. Bæði fjölskylda hans og fyrirtæki styrkja félagið reglulega með fjárframlögum, og Jói Fel hefur reyndar sett sér persónulegt markmið í því sambandi.

„Við konan mín, Unnur Gunnarsdóttir, byrjuðum að styrkja Neistann þegar við giftum okkur," sagði Jói Fel er við trufluðum hann smástund við baksturinn. „Það var í desember árið 2001 og þá áttum við árs gamlan dreng. Góð vinahjón okkar eignuðust dreng tveimur vikum eftir að við eignuðumst okkar. Hann fæddist með hjartagalla og það tók rosalega mikið á okkur. Svo þegar brúðkaupið nálgaðist ákváðum við að biðja fólk um að gefa okkur einungis peninga sem látnir yrðu renna til Neistans. Okkur fannst við eiga allt sem við þurftum, langaði ekki í gjafir og þótti tilvalið að gera þetta svona. Fólk kom svo bara með peninga í umslagi, við vildum auðvitað fá kortin, og þetta var sett í körfur þegar gestirnir gengu inn í salinn. Síðan voru peningarnir taldir af fulltrúum frá Neistanum, sem tilkynntu í veislunni hve mikið hafði safnast. Það reyndust vera um 350 þúsund krónur."

Svo málaðir þú mynd og seldir á uppboði ...

„Já, eftir brúðkaupið má segja að ég hafi alltaf verið með á bakvið eyrað að reyna að gera eitthvað meira í þessum dúr. Hugmyndin með málverkið kom upp þegar ég var með sjónvarpsþáttinn Eldsnöggt með Jóa Fel á Stöð 2. Í einum þáttanna var gestur minn Pétur Gautur myndlistarmaður og ég fékk það verkefni að mála mynd í hans stíl. Hann málar mikið epli og appelsínur en ég málaði brauð, svo það má segja að myndin sé líka tengd minni persónu. En ég sá strax að þarna var komið tækifæri til að styrkja Neistann með skemmtilegum hætti og góður maður úti í bæ keypti málverkið á 400 þúsund krónur á uppboðinu."

Fyrirtæki þitt styrkir einnig Neistann ...

„Já, það gerir það með því að kaupa auglýsingar í blöðum og penna, jólakort og þesháttar sem Neistinn hefur verið að selja í fjáröflunarskyni. Þetta gerir fyrirtækið sjálft, en hitt er meira ég persónulega, ég og mín fjölskylda. Brúðkaupsgjafirnar og málverkið skiluðu samtals 750 þúsundum til Neistans og nú hef ég einsett mér að komast upp í eina milljón. Ég veit ekki enn hvernig ég fer að því, en mun ábyggilega láta mér detta eitthvað skemmtilegt í hug í því sambandi."

Jói Fel.

.....Neistinn þakkar fyrir stuðninginn

Reykjavík
A. Wendel ehf.
A.P. Almannatengsl
A.R.E.V. ehf.
Afltækni ehf.
Akron ehf.
Aldamót ehf
Allt í einu, söluturn
Allt-af ehf.
Alþýðusamband Íslands
Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Antiksalan
Arinvörur
Arkitektastofan Úti og inni sf.
Athygli ehf.
Atorka ehf - Verktakar og vélaleiga
Atvinnuhús ehf. - Fasteignasala
Auglýsingastofan ENNEMM ehf.
Auglýsingastofan Korter
Austurbæjarskóli
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins
ÁK Sjúkraþjálfun
Áltak ehf.
Áman - Deiglan ehf.
Árbæjarapótek ehf.
Ársól í Grímsbæ
B.S.smíði ehf.
Backmann & Björgvinsson Lögmannsstofa
Badmintonsamband Íslands
Bakarameistarinn hf.
Barnatannlæknastofan ehf.
Bergá - Sandblástur ehf.
Bergdal ehf.
Bergplast ehf.
Beyki ehf.
Biðstöðin Mjódd
Bifreiðabyggingar sf.
Bifreiðaverkstæði Grafarvogs ehf
Bílaberg sf
Bílabúð Benna
BílaGlerið ehf.
Bílaleigan AKA ehf.
Bílamálun Halldórs Þ. Nikulássonar sf
Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar
Bílanaust hf.
Bílasala Íslands
Bílasmiðurinn hf.
Bjálkahús ehf.
Blikksmiðjan Gréttir
Blindrafélagið
Blómatorgið
Boðeind ehf.
Borgarhöllin - Fossaleyni 1
Bókasafn Menntaskólans ---v/Sund
Bókhaldsþjónusta Arnar Ingólfssonar ehf
Bókhaldsþjónustan
Bón-Fús
Brauðhúsið ehf.
Breiðholtsbakarí hf.
Breiðholtskirkja
Brim hf.
Brimborg ehf.
Brimdal ehf.
BSRB
BURGER KING
Búsáhöld
Búseti
BV - Ramma Studíó ehf.
Byggingafélagið X
Carpe diem
Cyrus ehf.
Dansskóli Heiðars Ástvaldssonar
Dansskóli Jóns Péturs og Köru sf.
Deli ehf.
Devitos Pizza ehf.
Drangey
Draumur ehf.
Dreifing - Borgarhella
Dvalar og hjúkrunarheimilið Grund
Dyrasímaþjónusta Gests
Dýraríkið
Dýrheimar sf. Royal Canin
E. Bjarnason ehf.
E.T. Einar og Tryggvi ehf.
Ecco skór á Íslandi
Efling stéttarfélag
Efnalaug Árbæjar ehf.
Efnalaug Grafarvogs
Einingaverksmiðjan hf.
Eirvík heimilistæki hf.
Eldaskálinn
Elding Trading Company
Endurskoðun Hjartar Pjeturssonar ehf.
Endurskoðunar- og bókhaldsþjónustan ehf.
Endurskoðunarskrifstofa Sverris M. Sverrissonar
Endurvinnslan hf.
Engey ehf. heildverslun
Enrico´s og Café Opera
Extra Hársnyrtistofa
Eyfeld ehf.
Fasteignafélagið Stoðir hf.
Fasteignakaup ehf.
Fasteignamarkaðurinn ehf.
Fasteignasalan Ásbyrgi ehf
Fasteignasalan Ústaður
Fasteignasalan Garður
Faxaflóahafnir
Ferðaskrifstofa Harðar Erlingssonar
Feró sf.
Ferskar kjötvörur hf.
Félag hársnyrtisveina
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
Félag íslenskra hljómlistarmanna
Félag járniðnaðarmanna
Félags- og þjónustumiðstöð Aflagranda 40
Félagsbústaðir hf.
Félagsmálaráðuneytið
Filmco hf.
Fiskverslun Hafliða Baldvinssonar
Fjarhitun hf.
Fjárfestingafélagið Gaumur ehf.
Fjölbrautaskólinn Ármúla
Forum Lögmenn
Forvarnarnefnd Reykjavíkborgar
Fóðurblandan hf.
Fólk - Fatnaður fyrir alla fjölskylduna
Fótaaðgerðastofa Óskar og Helgu
Framsóknarflokkurinn
Frysti- og kæliþjónustan
Fönix ehf.
G. Hannesson ehf.
G.Á. húsgögn ehf.
G.B. Tjónaviðgerðir ehf.
Gagnaeyðing ehf.
Gagnageymslan ehf.
Gallabuxnabúðin - Kringlunni
Gallerí Fold
Gamlhús ehf.
Garðar og Vélar ehf.
garðar og Vélar ehf.
Garri ehf.
Gámaþjónustan hf.
Gátun ehf.
Gilbert úrsmiður Laugavegi 62
Gissur og Pálmi ehf.
Gísli Magnússon v/Bos á Íslandi
Gítarskóli Ólafs Gauks
Gjögur hf.
Gjörvi ehf.
Glóbrystingur ehf.
Glófaxi ehf. blikksmiðja
Grillturninn ehf.
Gripið og greitt ehf.
Grænn kostur ehf.
GS varahlutir ehf.
Guðmundur Arason ehf. Smíðajárn
Guðmundur Jónasson ehf.
Guðrún ehf. Tískuverslun
Gull & silfur hf.
Gullkistan
Gullsmiðurinn í Mjódd
Gústaf Þór Tryggvason hrl.
H og S byggingaverktakar ehf.
H. Jónsson ehf.
Rétting-og Sprautun ehf.
Hafgæði sf.
Hafrót ehf
Hagafl ehf.
Hagbót ehf.
Hageyri ehf.
Halldór Jónsson ehf.
Halló ehf.
Hamborgarabúlla Tómasar ehf.
Hamraskóli Grafarvogi
Happdrætti D.A.S.
Happdrætti Háskóla Íslands
Harðviðarval ehf.
Haukur Þorsteinsson tannlæknir
Hárfinnur ehf.
Hárgreiðslustofa Heiðu
Hárgreiðslustofa Hrafnhildar
Hárgreiðslustofan hármiðstöðin
Hárhornið
Hársnyrtistofan Aida
Hársnyrtistofan Dalbraut
Hársport
Háskólinn í Reykjavík
Heilsubrunnurinn ehf.
Heilsugæslan í Reykjavík
Heimilisprýði ehf.
Henson Sports Europe á Íslandi hf.
Hertz bílaleiga
Hið íslenska bíblíufélag
Hilmar Ingimundarsson hrl
Himinn og haf ehf.
Himnesk Hollusta
Hjálparstarf kirkjunnar
Hjálpræðisherinn á Íslandi
Hljóðfæraverslunin Rín hf.
Hlölla Bátar
Hollt og Gott ehf.
Hókus Pókus
Hópferðaþjónusta Reykjavíkur
Hótel Frón
Hótel Reykjavík hf.
Hótel Vík
Hraði ehf. fatahreinsun
Hreyfing - heilsurækt - Framvörður ehf.
HS-Miðar ehf.
HU - veitingar
Hugmót ehf.
Húsaklæðning ehf.
Húsasmiðurinn ehf.
Húsun ehf.
Húsvirki hf.
Hvellur G. Tómasson ehf.
Hverfisbarinn ehf.
Höfðakaffi ehf.
Höfði fasteignamiðlun ehf.
Hönnun hf.
Hönnunar og Listamiðstöðin, ---Ártúnsbrekku
IB/Nýja Bílahöllin ehf.
Icelandair ehf.
IMG ehf.
Innheimtustofnun sveitarfélaga
Internet á Íslandi hf. - ISNIC
Intrum á Íslandi ehf.
ISS Ísland ehf.
Ísbúð Vesturbæjar ehf.
Ísbúðin Álfheimum ehf.
Íslandspóstur hf. - markaðs-og kynningadeild
Íslensk endurskoðun ehf.
Íslensk getspá
Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf.
Íslux ehf.
Íspólar
Íþróttabúðin
Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík
J.Ó. Verktakar ehf.
J.P.V. Útgáfa ehf.
J.S. Gunnarsson hf.
Járngríma ehf.
JBS ehf.
Jón Ásbjörnsson hf. heildverslun
Jón Egilsson lögmannsstofa
Jón Trausti Harðarson
Jónar Transport hf.
K. Pétursson
K.H.G. þjónustan ehf.
Kaffi - Hljómalind
Kaffi Mjódd
Kandís
Kapalþjónustan
Kassagerðin hf.
Kaupholl Íslands hf.
Kemis ehf.
Kjaran ehf.
Kjöthöllin ehf.
Knattspyrnusamband Íslands
Kórall sf.
Krabbameinsfélag Íslands
Kramhúsið
Kringlubón
Kristján Hermannsson
Kveikur ehf.
Kvik hf. Almenn kvikmyndagerð
Kvikmyndagerðin Kvik
Landssamband hestamannafélaga Laugardal
Landssamband lögreglumanna
Landssamtök Sauðfjárbænda
Landsvirkjun
Láshúsið ehf.
Leikskólinn Hamraborg
Leikskólinn Laufásborg
Leikskólinn Tjarnarborg
Leir og Postulín
List og saga ehf.
Litla bílasalan Einhöfða 11
Lífstef ehf.
Lífstykkjabúðin ehf.
Línan ehf.
Línuborun ehf.
Línuhönnun hf.
Ljósin í bænum
Ljósmyndastofa Þóris
Lúmex hf.
Lýsi hf.
Læknasetrið sf.
Lögfræðistofa Kristjáns Stefánssonar
Lögmannafélag Íslands
Lögmannsskrifstofan Fortis ehf
Lögmannsstofa Jóns Halldórssonar hrl.
Lögmenn Húsi Verslunarinnar
Lögmenn Höfðabakka ehf.
Lögreglustjórinn í Reykjavík
Lögsátt ehf. lögfræðiþjónusta og fjölskylduráðgjöf - Sáttamiðlun
Lögskil ehf.
Lögþing ehf.
Löndun ehf.
Magnús og Steingrímur ehf.
Margrét Jónsdóttir
Margt smátt ehf.
Markaðsnefnd mjólkuriðnaðarins
Matstofa Vesturbæjar
Málaramiðstöðin ehf.
Málmsteypa Ámunda Sigurðssonar ehf.
Melabúðin ehf.
Menningar/styrktarsjóður SPRON
Mentis hf.
Merkismenn ehf.
Microsoft Ísland ehf.
Mjólkurfélag Reykjavíkur
Mjólkursamsalan
Morgunblaðið Árvakur hf.
Mosaik ehf.
MS Reykjavík
Múrarameistarafélag Reykjavíkur
Múrgæði ehf.
Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur
Nasa veitingar ehf.
NorðNorðVestur kvikmyndagerð ehf.
Nortek ehf.
Nuddstofan Paradís
Nýdekk ehf.
Nýherji hf.
Nýi ökuskólinn ehf.
Nýja kökuhúsið Kringlunni
Ofnasmiðjan hf. /Trésm.Kompaníið
Olíudreifing ehf.
Optimar Ísland ehf.
Orkulind
Ó. Johnsson & Kaaber ehf.
Ófeigur Gullsmiðja ehf.
ÓG Bygg ehf.
Ólafur Loftsson
Óm snyrtivörur
P.S. rétting
Papyrus-innrömmun ehf.
Parlogis hf.
Pipar og salt
Pizza 67 - Europe hf.
Pípulagnaverktakar ehf.
PK Arkitektar ehf.
Plúsmarkaðurinn Hátúni 10b ehf.
Poulsen ehf.
Pólkristall ehf.
Prikið
Profilstál
PS Ráðgjöf
Pústverkstæðið Fjöðrin
Pökkun og flutningar sf.
R.J. Verkfræðingar ehf.
Rafmagnsveitur ríkisins
Rafmiðlun ehf.
Rafstilling ehf.
Raftækjaverslun Íslands hf.
Raftæknistofan hf.
Raftækniþjónusta Trausta ehf.
Rafvirkjaþjónustan ehf.
Raförninn ehf.
Rakarastofan sf.
Rauði Tómaturinn ehf.
Ráðgarður - Skiparáðgjöf ehf.
Ráðgjafar ehf.
Ráðgjöf og efnahagsspár ehf.
Rekstrarverktak ehf.
Renniverkstæði Ægis
Reykjavíkurborg
Réttingaverk ehf.
Réttingaverkstæðið Múli
Rolf Johansen & co. ehf.
Rotary-umdæmið á Íslandi
RST net ehf.
RT ehf. - Rafagnatækni
Ræstivörur
S.B.S. innréttingar
S.Í.B.S.
Samhjálp Hvítasunnumanna

ÍSTAK

ólavía og oliver
Barnavöruverslun Glæsibæ - www.oo.is

ANZA

Afmælisgjafirnar til Neistans

Baldur Örn Guðnason forstjóri Eimskips fagnaði fertugsafmæli sínu þann 22. janúar síðastliðinn. Slíkt er í sjálfu sér ekki óvenjulegt, nema Baldur afþakkaði allar gjafir handa sér og bað í staðinn afmælisgestina um að styrkja Neistann með fjárframlagi.

„Við hjónin höfðum lengi velt fyrir okkur hvort við ættum að halda veislu eða láta okkur hverfa," segir Baldur. „Við enduðum með því að halda veislu og ákváðum þá strax að biðja veislugestina að sleppa því að koma með afmælisgjöf, en láta í staðinn eitthvað fé af hendi rakna til Neistans. Við settum þessa ósk einfaldlega fram á boðskortinu. Ég hef ekki fengið upphæðina sem kom út úr þessu staðfesta, en það mun vera eitthvað nálægt einni milljón. Það er mjög ánægjulegt að þurfa ekki að vera með fullan bílskúr af koníaksflöskum og vita að þessir peningar fóru í gott málefni.
Í veisluna mættu um 400 manns og hún var haldin í Listasafni Reykjavíkur."

Af hverju Neistinn?

„Við lentum í því að eignast stúlku, sem er núna sex ára gömul, og greindist með hjartagalla. Hún fæddist árið 2000 úti í Þýskalandi þar sem við bjuggum þá. Þegar hún var tæplega eins árs fluttum við heim til Íslands, og til Akureyrar. Hún hafði frá fæðingu oft verið veik, og var lítil og ræfilsleg. Við fórum með hana til læknis á Akureyri, sem fann eitthvað athugavert og sendi hana áfram til hjartalækknis í Reykjavík, sem var Gunnlaugur Sigfússon. Í framhaldi af því fór hún í aðgerð hér heima. Við nutum þess að fá aðstoð og stuðning Neistans á þessum erfiða tíma. Við vitum því fyrir hvað hann stendur og vildum láta gott af okkur leiða í þakklætisskyni."

Í hverju fólst stuðningur Neistans við ykkur?

„Neistinn er meðal annars með íbúðir í Reykjavík sem eru leigðar út og lánaðar foreldrum og öðrum aðstandendum sem koma utan af landi. Neistinn veitir fræðslu og í gegnum hann er hægt að nálgast fullt af fólki sem hefur persónulega reynslu af því að fylgja ungu barni í gegnum aðgerð. Það hjálpaði okkur mikið að ræða við það fólk."

Var þessi eina aðgerð nóg fyrir dóttur ykkar?

„Já, aðgerðin tókst mjög vel og þetta hefur verið allt annað líf fyrir hana og okkur. Gunnlaugur hjartalæknir hefur haft eftirlit með henni og við höfum átt virkilega góð og ánægjuleg samskipti við hann. Og ekki síður Bjarna Torfason sem skar hana upp. Við höfum síðan verið í Neistanum, fengið meiri fræðslu og kynnst betur út á hvað þetta gengur."

Berglind Baldursdóttir, Harpa Baldursdóttir, Baldur Guðnason, Freyr Baldursson og Arna Alfreðsdóttir í afmælisveislunni.

.....Neistinn þakkar fyrir stuðninginn

Reykjavík

Samiðn
Samson ehf.
Samtök atvinnulífins
Securitas hf.
Seðlabanki Íslands
Seljakirkja
Shalimar
Sigvaldi Snær Kaldalóns
Sjálfstæðisflokkurinn
Sjávarkjallarinn
Sjómannaheimilið Örkin
Sjúkraliðafélag Íslands
Sjúkraþjálfun Ártúnshöfða sf.
Sjúkraþjálfunarstöð Önnu K. Ottesen
Skartgripaverslun og vinnustofa Eyjólfs
Skólabrú
Skólphreinsun Ásgeirs
Skóverslunin Bossanova hf.
Skúlason & Jónsson ehf.
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
Smáréttingar ehf. - Réttingaþjónusta
Smárinn-Húsið fasteignamiðl. ehf.
Smith & Norland hf.
Smíðaþjónustan ehf.
SMS Bílasprautun og réttingar
Smur- og dekkjaþjónusta Breiðholts ehf.
Sorpa
Sófalist
Sprinkler-pípulagnir ehf.
Stakfell
Stanislas Bohic garðarkitekt
Starfsgreinasamband Íslands
Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar
Stálver ehf.
Stéttarfélag verkfræðinga
Stilling hf.
Stjörnuspekistöðin
Straumbær ehf.
Styrktarfélag vangefinna
Suzuki bílar hf.
Sveinbjörn Sigurðsson ehf.
Svipmyndir
Svissinn hjá Steina
Sýningakerfi ehf.
Sökkull ehf.
Söluturninn Hallinn ehf.
Söluturninn Smárinn ehf.
Sönglist sf. Reykjavík
Söngskólinn Hjartansmál
Talnakönnun
Tandur hf.
Tanngo ehf.
Tannlæknar Mjódd
Tannlæknastofa Birgis Jóh. Jóhannssonar
Tannlæknastofa Friðgerðar Samúelsdóttur
Tannlæknastofa Guðrúnar Ólafsdóttur
Tannlæknastofa Kjartans Arnar Þorgeirssonar
Tannlæknastofa Sigurjóns Arnlaugssonar
Tannlæknastofa Sólveigar Þórarinsdóttur
Tannsmíðastofa Kristins Sigmarssonar
Teiknivangur
Temiðstöðin hf.
TGM Ráðgjöf
Tímor ehf.
Trausti ehf.
Trésmiðja Magnúsar F. Jónssonar sf.
Trésmiðja Snorra Hjaltasonar ehf.
Trésmiðjan Jari hf.
Tryggingamiðlun Íslands ehf.
Turnar ehf.
Tæknivélar sf.
Tölvar ehf.
Umslag ehf.
Úlfarsfell ehf.
Úra- og klukkuverslun Hermanns Jónssonar
Útfararmiðstöð Íslands
Útfararstofa kirkjugarðanna
Útfararþjónustan ehf.
Útflutningsráð Íslands
Trade Council of Iceland
Útlendingastofnun
Valhöll fasteignasala ehf.
Vals tómatsósa ehf.
Vátryggingafélag Íslands hf.
Veitingahúsið Siggi Hall á Óðinsvéum
Verðbréfastofan hf.
Verið sængurfataverslun ehf.
Verkfræðistofan Afl ehf.
Verkfræðistofan LH-tækni ehf.
Verkfræðistofan VIK ehf.
Vernd
Vero Moda - Taxi
Verslun Þorsteins Bergmann ehf.
Verslunin Fríða frænka ehf.
Verslunin Kiss
Verslunin Nálin
Verslunin Skerjaver
Verslunin Storkurinn
Verzlunarmannafélag Reykjavíkur
Verzlunarskóli Íslands v/bókasafns
Vélar og skip ehf.
Vélaver hf.
Vélaverkstæðið Kistufell
Vélvík ehf.
VGK - Verkfræðistofa
Við og Við sf.
Viðskiptanetið hf.
Vinnumálastofnun
Vital ehf.
Vífilfell hf.
Víkurvagnar ehf.
VSÓ ráðgjöf ehf.
Vörulagerinn ehf.
World Class - Þrek ehf.
Þ. Þorgrímsson & co.
Þingvallaleið hf.
Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness
Þróunarfélag miðborgarinnar
Þúsund þjalir ehf. umboðsskrifstofa listamanna
Þýðingaþjónusta Boga Arnars
Ökukennsla Eyvindar í Hveragerði
Öndvegi hf. Húsgagnaverslun

Seltjarnarnes

B S verktakar
Bílaverkstæði Ella
Borgarplast hf.
Falleg Gólf ehf.
Hárgreiðslustofan Salon - Nes
Lög og réttur ehf.
Nesskip hf.
Seltjarnarneskaupstaður
Seltjarnarneskirkja
Verkfræðistofan Önn ehf.
Vélaviðgerðir ehf.

Vogar

Beitir - H. Ólafsson
Beykir ehf.
Hársnyrtistofa Hrannar
Steinhreinsun ehf.
V.P. Vélaverkstæði ehf.

Kópavogur

Aalborg Portland á Íslandi hf.
Alark arkitektar
Alur blikksmiðja ehf.
Atlantsskip-Evrópa ehf.
Árveitingar ehf.
Bakaríið Kökuhornið
Barki ehf.
Bifreiðastillingin ehf.
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf.
Bifreiðaverkstæði Kópavogs ehf.
Bifreiðaverkstæðið Toppur
Bílaklæðningar ehf.
Bílalakk ehf.
Bílamarkaðurinn
Bílamálunin Bliki ehf.
Bílaverkstæði Bubba sf.
Bíljöfur ehf.
Bílvogur ehf.
Björg Traustadóttir
Bláfugl
Blikksmiðja Einars ehf.
Blikksmiðjan Vík ehf
Bókasafn Kópavogs
Bókun sf. Endurskoðun
Byggðaþjónustan, bókhald og ráðgjöf
Byggingarfélagið Aspir ehf.
DK Hugbúnaður
Eðalsalt gott fyrir hjartað - Pottagaldrar
Fagtækni ehf.
Fasteignamiðstöðin - Hús og hýbýli ehf.
Feim sf. - Lene Bjerre
Flugkerfi
Flutningur.is
Gistiheimilið Aurora
Gistiheimilið BB 44
Goldfinger
Hagblikk ehf.
Hárgreiðslu og rakarastofan Hera
Hárgreiðslustofan Delila og Samson sf.
Hárný ehf.
Hefilverk sf.
Hit innréttingar ehf.
Ísa stál
Ísfiskur ehf.
Íslandsspil sf.
Íslenska pökkunarfélagið ehf.
J. Eiríksson ehf.
J. og S. bílaleiga
J.S. Veitingar ehf.
J.S.G. ehf.
Janus ehf.
Jarðkraftur ehf.
Jarðvélar ehf.
Járnsmiðja Óðins ehf.
Júmbó ehf.
Kársnesskóli
KB ráðgjöf
Kjarnagluggar sf.
Kópavogsbær
Kraftvélar ehf.
Kranaverk ehf.
Kríunes ehf.
Kuggur ehf.
Kynnisferðir
Lakkskemman ehf.
Lindaskóli
Línkur ehf.
Ljósvakinn ehf.
Markholt ehf.
Móðurást - Mjaltavélaleiga
Múr og Terrazzolagnir ehf
Natuzzi store, húsgagnaverslun
Nýið/Harðkornadekk hf.
Pílutjöld ehf.
Point á Íslandi ehf.
Prentsmiðjan Viðey ehf.
Prenttækni hf.
Protak ehf.
Rafvirkni ehf.
Reynir bakari ehf.
Rúmfatalagerinn hf.
Ræstingaþjónustan sf.
Salaskóli
Sjúkranuddstofa Silju
Skipasalan ehf.
Smári söluturn
Smurstöðin Stórahjalla ehf.
Snyrtistofan Jóna
Snælandsskóli
Steinbock-þjónustan hf.
Steinsmiðjan S. Helgason ehf.
Stimpill ehf.
Stjörnublikk hf.
Sætir Sófar ehf.
Söluturninn Rebbi
Tengi ehf.
Timbur og stál hf.
Tinna ehf.
Tískuverslunin Ríta
Trésmiðja Jóns Gíslasonar
Tækniþjónusta Jóns R. Sigmundssonar
Uppdæling ehf.
Veitingaþjónusta Lárusar Loftssonar sf.
Verkfræðistofa Björns Ólafssonar hf.
Verkfræðistofa Erlends Birgissonar
Verkfræðistofa Snorra Ingimarssonar ehf.
Verktakar Magni ehf.
Vetrarsól ehf.
Vélaleiga Auberts
Vídd ehf.
www.mannval.is
Yggdrasill ehf.
Ýmus hf. heildverslun
Þakpappaþjónustan ehf.
Öreind sf.
Örlygur Kristmundsson ehf.

Garðabær

10-11/Hraðkaup
Arctic Trading Company
Árvík hf.
Ásgeir Einarsson ehf.
Eðalvagnaþjónustan ehf.
Efnalaug og fataleiga Garðabæjar
Ferðaskrifstofan Ísafold hf.
Fjölbrautaskólinn Garðabæ v/Bókasafns
Garðabær
GP. Arkitektar ehf.
Hagvís, heildverslun
Hárgreiðslustofan Cleo
Héðinn Schindler lyftur hf.
Hirzlan ehf.
Hurðaborg - Crawford hurðir
Item ehf. heildverslun
Ísafoldarprentsmiðja ehf.
Kjarnavörur hf.
Klinisk tannsmiðja Kolbrúnar
Kökubankinn
Rafall hf.
Samey ehf.
Skermagerð Berthu
Studióbílar ehf.
Tannlæknastofa Engilberts Snorrasonar
Uppfylling sf.
Würth á Íslandi hf.
Öryggisgirðingar ehf.

Hafnarfjörður

Aðalskiltagerðin sf.
Alexander Ólafsson ehf.
ARK öryggiskerfi
Ás - fasteignasala ehf.
Bátaraf
Bedco & Mathiesen ehf.
Blátún ehf.
Blómabúðin Burkni ehf.
Bónusvideo ehf.
Byggingafélagið Sandfell ehf.
Bæjarbakarí ehf.
Dalakofinn sf. - Firði
E.S. vinnuvélar ehf.
Eiríkur og Einar Valur hf.
Elding hvalaskoðun
Fagfólk ehf. - hársnyrtistofa
Fasteignasalan Hraunhamar ehf.
Fasteignastofan Hafnarfirði ehf.
Feðgar ehf. - byggingaverktakar
Fínpússning ehf.
Fjarðarbakarí ehf.
Fjarðargrjót ehf.
Fjarðarskór ehf.
Fjörukráin hf.
Fura ehf.
G.H. Guðmundssynir ehf.
Glerborg ehf.
Gluggahreinsunin Hreinsýn sf.
Gunnars Majones hf.
H. Jacobsen ehf.
Hafnarfjarðarleikhúsið -Hermóður og Háðvör
Hagtak hf.
Hárgreiðslustofan Lína lokkafína sf.
Heilsubúðin sf.
HIS Steypusögun ehf.
Hlaðbær Colas hf.
Holtanesti
Hópbílar hf.
Hvalur hf.
Iso-tækni ehf.
IV ehf. iðnaðarvörur og vélar
Ís-rör ehf.
Jóhann Helgi og Co. ehf.
Kambur ehf. - byggingafélag
Kaupþing Búnaðarbanki hf. v/Hafnarfjarðar
Kerfi ehf.
KM byggingar
Músik og sport
Nes hf. - Skipafélag
Nýform hf.
Nýja fatahreinsunin
Pétur O. Nikulásson ehf.
Rafgeymasalan ehf.
RB Rúm ehf.
Skerpa - renniverkstæði
Skörungar ehf.
Stímir hf. Garðabæ
Stýrisvélaþjónustan ehf.
Suðurverk hf.
Suzuki umboðið ehf.
Tannlækningastofa Harðar V. Sigmarssonar sf.
Varahlutaþjónustan sf.
Veitingahúsið Austurvöllur
Veitingastofan Kænan ehf.
Verkalýðsfélagið Hlíf
Verkþjónusta Kristjáns
Vélamaðurinn ehf.
Vélsmiðja Konnráðs Jónssonar ehf.
Vélsmiðja Péturs Auðunssonar ehf.
Vélsmiðjan Kofri
Viðhald og nýsmíði hf.
Viking björgunarbúnaður
VSB verkfræðistofa
Vörubílastöð Hafnarfjarðar ehf.

Álftanes

Álftanesskóli
Íslensk lífeyrisráðgjöf
Sveitarfélagið Álftanes

Keflavík

Bílasprautun Suðurnesja hf.
Bókasafn Reykjanesbæjar
Brautarnesti ehf.
DMM Lausnir ehf.
Efnalaug Suðurnesja - BK hreinsun ehf.
Eggert og Laufey ehf. - Ungó
Fagtré ehf.
Fasteignasalan Ásberg
Firmex/Alex ehf. - Keflavík
Fjölbrautaskóli Suðurnesja v/ bókasafns
Frístund
Geimsteinn ehf.
Hárgreiðslustofa Önnu Steinu
Hjólbarðaþjónusta Gunna Gunn.
Hótel Keflavík ehf.
Húsagerðin ehf.
Húsanes ehf.
Hylling ehf. v/Tískuverslunarinnar Brim
Iðnsveinafélag Suðurnesja
Ísfoss ehf.
Íslandsmarkaður hf.
Kaffi Duus ehf.
Malbikunarstöð Suðurnesja ehf.
Nesprýði ehf.
Plastgerð Suðurnesja ehf.
Pylsuvagninn - Tjarnargötu
Rafeindatækni sf.
Rafiðn ehf.
Ráin
RKÍ Suðurnesjadeild
RV ráðgjöf
Samhæfni - Tæknilausnir ehf.
Sálarrannsóknarfélag Suðurnesja
Skipting ehf.
Snyrtistofan Dana
Tannlæknastofa Einars Magnússonar
TÍ ehf.
Trésmíðaverkstæði Stefáns og Ara sf.
Triton sf. - Tannsmíðastofa
Varmamót ehf.
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis
Verkfræðistofa Suðurnesja ehf.
Verslunarmannafélag Suðurnesja
Víkurás ehf.
Vísir félag skipstjórnarmanna á Suðurnesjum

Keflavíkurflugvöllur

Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli
Íslenskur markaður ehf.
Pylsubarinn Keflavíkurflugvelli
Suðurflug ehf.

Grindavík

Aðal-Braut ehf.
Grindin hf.
Hérastubbur ehf.
Selháls ehf.
Veitingahúsið Brim
Verslunin Palóma

Þegar hjartagalli greinist á meðgöngutímanum

„Það er svo margt sem við vitum núna sem hefði verið gott að vita þá," segir Þórdís Elín Kristinsdóttir, sem hafði gengið með barn í þrjátíu og fjórar vikur þegar í ljós kom að það var með alvarlegan hjartagalla. Síðan er liðið eitt og hálft ár og núna gengur allt mjög vel.

Viðtal: Páll Kristinn Pálsson

„Þetta hefur verið strembið á köflum en útlitið er gott og Regína Krista dafnar vel," segir Þórdís. „Það er ekki síst að þakka okkar frábæra hjartalækni, Gunnlaugi Sigfússyni. Hann hefur hjálpað okkur með svo margt. Við eigum líka 6 ára son, Vilhjálm Kristinn, sem hefur verið mjög duglegur að hjálpa til og hefur sýnt ótrúlegan þroska í öllu þessu. Hann er mikil hetja. Ég var heima hjá Regínu Kristu fyrstu mánuðina en fór að vinna þegar hún var ársgömul. Við höfðum báðar gott af því. Ég fékk svo leyfi frá störfum í febrúar síðastliðinn þar sem hún er að fara fljótlega aftur út til Boston og svo á ég von á öðru barni í sumar."

En hvernig var þetta þegar hjartagallinn kom upp?

„Ég átti bara sex vikur eftir af meðgöngunni. Fram að þeim tíma gekk ég með fullkomlega heilbrigt barn og leið mjög vel. Ég bý á Suðurnesjum og þar er konum boðið upp á sónar í 34. viku. Þá vaknaði grunur um að eitthvað væri að og var ég því send til Reykjavíkur þar sem ég fór aftur í sónar. Við það tækifæri hitti ég hjartalækni og hann sagði mér frá hjartagallanum."

Og hvernig brástu við?

„Það var gífurlegt áfall að fá þessar fréttir. Þetta var erfiður dagur. Ég fékk strax að vita að hjartagallinn væri mjög alvarlegur og einnig afar sjaldgæfur. Ég fékk einnig að vita það að ástandið á fóstrinu myndi ekki batna en jafnframt að það gæti versnað. Ég vissi því ekki í hvaða ástandi barnið yrði þegar það fæddist. Til að toppa þetta algjörlega þá lá þarna þegar fyrir að ég yrði að fara með barnið í aðgerð til Boston strax eftir fæðinguna. Svona aðgerðir eru ekki framkvæmdar hér á landi. Mér leið ekki betur við að heyra þetta, þvert á móti jukust áhyggjurnar og spurningarnar sem komu upp urðu ennþá fleiri."´

Óþörf óvissa

Hvernig gekk það sem eftir var meðgöngunnar?

„Ég var frekar óheppin með það, að ég átti að eiga barnið í lok ágúst. Það var mikið um sumarfrí og ég hitti til dæmis sjaldnast sömu ljósmóðurina hjá mæðravernd. Heimsóknirnar í mæðravernd urðu líka ansi skrítnar, ljósmæðurnar gátu ekki svarað neinum spurningum og vissu eiginlega ekkert hvað þær áttu að segja við mig. Ég upplifði það að minnsta kosti þannig. Mér fór að þykja óþarfi að mæta þangað, helstu fréttir dagsins voru hvernig blóðþrýstingurinn væri, en þegar þarna var komið, skiptu þær fréttir mig engu máli. Mig vantaði svör við allt öðrum spurningum. Ég reyndi að fá upplýsingar um hvort þær þekktu einhverjar sem hefðu lent í þessu, en þær máttu ekki segja neitt."

En gastu ekki talað við hjartalækninn í Reykjavík?

„Ég hitti hann aðeins í þetta eina sinn þangað til alveg undir lokin þegar ég var um það bil að fara að eiga. Eftir að hann skoðaði mig í fyrsta sinn fór hann nefnilega í sumarfrí. Hann gaf okkur símanúmerið sitt en við vissum að hann væri í frí og vildum ekki trufla hann. Það leið því langur tími þar sem mér leið illa. Ég vissi ekki hvert ég ætti að leita og það voru margar spurningar sem ég þurfti að fá svör við. Ekki endilega frá læknunum, því ég vissi að ástandið á barninu kæmi ekki í ljós fyrr en við fæðingu. En mig vantaði upplýsingar um hvert ég ætti að fara með barnið mitt í aðgerð og ýmsa praktíska hluti í því sambandi. Mig vantaði nauðsynlega að heyra í foreldrum sem ættu þessa reynslu að baki, og þá sérstaklega konum sem ættu börn sem hefðu greinst á meðgöngu og þær sem farið höfðu til Boston. Reyndar voru ýmsar spurningar sem mig langaði til þess að leggja fyrir lækninn, en ég hélt að honum myndi þykja þær svo asnalegar og ekki þess eðlis að ég gæti farið að ónáða hann í sumarfríinu sínu. Það hefði skipt miklu máli fyrir okkur fjölskylduna að fá þau svör, en við létum okkur hafa það. Við kvöldumst í óvissunni, sem hefði verið óþarfi. Það veit ég í dag."

IH ICELANDAIRHOTELS
mest – allt til bygginga
SPARISJÓÐURINN

Fætt í stressi

Síðasti hluti meðgöngunnar var skiljanlega lengi að líða. „Það var líka svo erfitt að vita að ástandið gæti bara versnað. Ég vildi því að barnið fæddist sem fyrst, á meðan ástandið væri þó ekki verra. Óvissan og biðin fannst mér erfiðast á þessum tíma. Að vita ekki í hvað ástandi barnið yrði, að vita ekki hvert ég væri að fara, að vita ekki hvernig aðstaðan fyrir foreldra væri í Boston, að vita ekki hvar ég myndi búa á meðan barnið væri á spítalanum og svo framvegis. En eftir að barnið fæddist og ferlið fór af stað leið mér miklu betur.

Fæðingin sjálf gekk mjög vel. Regína Krista fæddist seinni part dags og það var strax kallað í nánustu fjölskyldu til að vera viðstödd skírnina. Morguninn eftir fórum við á fullt við að útvega vegabréf fyrir hana og gera hana klára fyrir flugið. Við vorum búin að pakka niður og vorum hvort með sinn bakpokann í bílnum. Rétt áður en við fórum að stússast í öllu þessu kom hjúkrunarkona, sem sá um hjartveiku börnin, til þess að fara yfir ýmsa hluti með okkur. Þetta voru hlutirnir sem við þurftum að fá að vita þegar ljóst var að við ættum að fara með hana til Boston. Við höfðum engan tíma til þess að standa í þessu nokkrum klukkutímum áður en við áttum að mæta út á flugvöll. Við gáfum okkur þó nokkrar mínútur til þess að spjalla við hana, en mundum svo ekki orð af því sem hún sagði tíu mínútum síðar, þegar við vorum komin út í bíl. Það var allt of mikið stress og hraði til þess að við næðum að ræða saman í rólegheitum. Það hefði verið frábært að hafa fengið að hitta hana sex vikum fyrr. Við teljum mjög nauðsynlegt að fólk í þessum sporum hafi aðgang að henni og þeim upplýsingum sem hún getur veitt sem allra fyrst á ferlinu.“

Eyjólfur Kristinn Vilhjálmsson og Þórdís Elín með Regínu Kristu sjö mánaða gamla og á leiðinni í annað skipti út til Boston.

Í Boston

Hvernig var svo að koma til Boston?

„Það reyndist alger óþarfi að vera hræddur við að fara með barnið í aðgerð til Boston. Children´s hospital í Boston hefur verið valinn besti barnaspítali í heimi tíu ár í röð. Hann er kannski ekki mikið fyrir augað, en þarna er starfsemin eins góð og hún getur verið. Læknarnir og hjúkrunarfólkið er ótrúlegt. Við erum núna búin að fara þrisvar til Boston og eigum eftir að fara oftar. Fjórða ferðin verður núna í apríl. Lengst höfum við dvalið þar í tvo mánuði í senn. Þá gekkst Regína Krista undir tvær opnar hjartaaðgerðir og tvær hjartaþræðingar. Þetta var vissulega langur tími, en vegna hjúkrunarfólksins og læknanna var það alveg bærilegt. Okkur fannst mjög vel hugsað um stelpuna okkar, en það var líka mjög vel hugsað um okkur.

Aðstaðan þarna er alveg frábær og við teljum okkur mjög heppin að hafa aðgang að þessum spítala. Aðbúnaður og aðstaða fyrir foreldra er mjög góð, fyrir utan frábæra þjónustu hjúkrunarfólksins. Mjög stór og góð kaffitería, eða mötuneyti, er á neðstu hæðinni og konur með börn á brjósti mega panta mat tvisvar á dag án þess að borga fyrir. Maturinn er sendur þangað sem maður vill fá hann,

GLITNIR
ÖBÍ
MERCK SHARP & DOHME
Rannsóknir til framtíðar

Regína með stóra bróður, Vilhjálmi Kristni.

hvort sem það er upp á herbergi eða út í garð. Matseðillinn er reyndar ansi skrautlegur en mjög góður.

Í fjölskyldumiðstöðinni vinna konur sem veita góðar upplýsingar varðandi ýmislegt praktískt. Þær eru frábærar og oftar en ekki fórum við út frá þeim klifjuð af dúkkum og dóti. Ef maður þarf að vera lengi úti geta þær bent á ódýrari lausnir, til dæmis gistiheimili og heimagistingu. Í miðstöðinni er einnig hægt að komast í tölvur. Við höfum reyndar tekið með okkur fartölvu til þess að halda úti dagbókinni og setja inn myndir. Það er hægt að nettengja tölvur í öllum herbergjum, bæði á spítalanum og á hótelinu. Þarna er hægt að fá lánaða, gegn vægu gjaldi, brjóstadælur, kerrur, bílstóla og margt sem kemur að góðum notum. Spítalinn útvegar allt í sambandi við dælurnar og brjóstasett en ég leigði mér dælu til að fara með á hótelið. En ég vil líka benda á það að kerrur og bílstólar eru frekar ódýrir hlutir í Boston og margir sem fara þangað kaupa þetta til að eiga. Við keyptum til dæmis mjög fína Graccokerru, sem hægt er að festa barnastól á, og hún kostaði um 3000 krónur. Hún hefur fylgt okkur í allar ferðirnar.

Foreldrar hafa aðgang að líkamsræktarstöð sem er staðsett beint á móti spítalanum. Það þarf aðeins að sýna spítalapassann og þá fær maður aðgang. Þar er frábært að vera. Ég notaði stöðina mikið og dró með mér allar vinkonur mínar sem ég eignaðist þarna úti. Ef það er eitthvað sem mann vantar þá er um að gera að leita til þeirra í „Family Center“, þær eru alveg frábærar.“

Að deila reynslunni

Þið hjónin hafið verið opin fyrir að tala um þessa reynslu ...

„Já, eftir að hafa lent í þessu og upplifa að maður sé „einn í heiminum“ tókum við strax þá ákvörðun að vilja deila okkar reynslu með fólki í sömu stöðu. Þegar við komum heim eftir fyrstu Bostonferðina, létum við mæðravernd í Keflavík vita að ef kona í þessum sporum kæmi til þeirra mætti hafa samband við okkur og við myndum glöð veita þær upplýsingar sem fólk þyrfti að fá. Við getum veitt þær upplýsingar sem læknarnir hafa ekki, því við vitum hvernig er að vera foreldri hjartveiks barns og við vitum hvernig er að vera foreldri sem þarf að fara til útlanda með barn í aðgerð. Nú þegar hafa fjórar fjölskyldur haft samband við okkur og fengið að koma og hitta dóttur okkar.

Við vitum fyrir víst að þetta hefur hjálpað fólki en það hefur líka hjálpað okkur að geta lagt okkar af mörkum. Við ákváðum einnig, áður en Regína Krista fæddist, að halda úti heimasíðu á meðan hún væri að ganga í gegnum þessa hluti. Þar er hægt að lesa allt um ferðir okkar til Boston og einnig hvernig okkur hefur gengið að takast á við daglegt líf hér heima. Á heimasíðunni er einnig mikið af myndum því við vildum að fólk gæti gert sér einhverja grein fyrir aðstæðum þarna úti.“

Slóðin er: **http://reginakrista.barnaland.is**

vistor

LYFJA
- Lifið heil

.....Neistinn þakkar fyrir stuðninginn

Grindavík
Vísir hf.
Þorbjörn Fiskanes hf.

Sandgerði
Krass ehf.
Nesmúr sf
Púlsinn - Ævintýrahús
- www.pulsinn.is
Skinnfiskur ehf.
Þóroddsstaðir

Garður
Bifreiðaverkstæði
Sigurðar Guðmundssonar
Raftýran sf.
Sveitarfélagið Garður
Von ehf.

Njarðvík
ÁÁ háþrýstiþvottur ehf.
Bílahúsið.is - I.H. söluumboð
Bílar og hjól ehf.
Happi ehf.
Hitaveita Suðurnesja
K.O.M. ehf.
Leikskólinn Gimli
Rafmúli ehf.
Rekstrarþjónustan
Gunnar Þórarinsson
Renniverkstæði
Jens Tómassonar ehf.
Samband sveitarfélaga
á Suðurnesjum
Stapinn
Toyota salurinn - Njarðvík
Vökvatengi ehf.

Mosfellsbær
Álafoss,verksmiðjusala ehf.
Bílaverkstæði
Sigurbjörns Árnasonar
Dalsgarður ehf.
Garðplöntustöðin Gróandi
Gasco ehf.
Grillvagninn ehf
Gunnar og Kjartan
Hjólbarðaverkstæðið
Bæjardekk ehf.
Hvammsvík ehf.
Ísfugl ehf.
Líkami og sál - Snyrti-, nudd-
og fótaaðgerðastofa
Monique van Oosten
Nýja bílasmiðjan hf.
Ó. Steinbergs ehf.
Pizzabær ehf.
Veiðiland ehf.
Vélsmiðjan Sveinn

Akranes
B.Ó.B. sf,vinnuvélar
Bifreiðastöð Þ.Þ.Þ. ehf.
Bílaröst ehf.
Brautin ehf. - Bílaleiga
Fasteignasalan Hákot
Fiskco ehf.
Fiskverkun
Jóhannesar Ólafssonar
Galíto
Glugga- og glerhöllin
Hárstíll ehf.
Heimagisting Ólínu Jónsdóttur
Hýbýlamálun
Garðars Jónssonar ehf.
Markstofa ehf.
Rafnes sf.
Skessubrunnur
- Ferðaþjónustan Tungu
Skilmannahreppur
Slippfélagið Litaland
Smellinn hf.
Smurstöðin Akranesi sf.
Steðji ehf.
Úra- og skartgripaverslun
Guðmundar B. H.
Verslunin Bjarg hf.
Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar
Vélsmiðja
Ólafs R. Guðjónssonar ehf.
Viðskiptaþjónusta
Akraness ehf.
Ægir ehf.

Borgarnes
Bílasala Vesturlands sf.
Borgarbyggð
Dalbrún ehf.
Dvalarheimili aldraðra
Dýralæknaþjónusta
Vesturlands ehf.
Ensku húsin,
gistiheimili við Langá
Ferðaþjónustan Indriðastöðum
Gistihúsið Langaholt
Hótel Stykkishólmur
Hvítársíðuhreppur
Kolbeinsstaðahreppur
Loftorka Borgarnesi ehf.
Meðferðarheimilið Blær
Shellstöðin Borgarnesi
Skorradalshreppur
Sparisjóður Mýrasýslu
Sæmundur Sigmundsson ehf.
Tak
Trésmiðja Pálma
Upplýsinga- og kynning-
armiðstöð Vesturlands
Vatnsverk Guðjón og Árni ehf.
Vegamót - Þjónustumiðstöðin
Verkalýðsfélag Borgarness
Vélaverkstæði Kristjáns ehf.
Vélaverkstæðið Vogalæk

Borgarfjarðarsveit
Borgarfjarðarsveit
Ferðaþjónusta bænda
Fljótstungu

Stykkishólmur
Ásklif ehf.
Dekk og smur ehf.
Helgafellssveit
Sólborg ehf.
Vaktþjónustan Vökustaur ehf.

Flatey á Breiðafirði
Ferðaþjónusta Flateyjar

Grundarfjörður
Krákan ehf.
Ragnar og Ásgeir ehf.
RKÍ Grundarfjarðardeild

Ólafsvík
Barnafataverslunin Þóra

Hellissandur
Félags- og skólaþjónusta
Snæfellinga
Hjallasandur ehf.
Sjávariðjan Rifi hf.
Skarðsvík hf.

Búðardalur
Jónsbúð ehf.
Kaupfélag Króksfjarðar

Ísafjörður
Bensínstöðin hf. Ísafirði
Félag opinberra starfsmanna
Vestfjörðum
Gamla bakaríið hf.
Hamraborg ehf.
Heilbrigðisstofnunin
Ísafjarðarbæ
Ísafjarðarbær
Ísfang hf.
Kjölur ehf.
Löggiltir endurskoðendur
Vestfjörðum ehf.
Lögsýn ehf.
Mjólkursamlag Ísfirðinga
Myndás ljósmyndastofa
Orkubú Vestfjarða
Ox ehf.
Skipsbækur ehf.
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Tæknþjónusta Vestfjarða ehf.

Bolungarvík
Bolungarvíkurkaupstaður
Jakob Valgeir
Sérleyfisferðir
Sparisjóður Bolungarvíkur
Útgerðarfélagið Ós ehf.
Verkalýðs- og sjómannafélag
Bolungarvíkur
Vélvirkinn sf.

Súðavík
Súðavíkurhreppur
Víkurbúðin ehf.

Flateyri
Björgunarsveitin Sæbjörg

Patreksfjörður
Gróðurhúsið í Moshlíð
Vesturbyggð

Tálknafjörður
Bókhaldsstofan Tálknafirði
Eik ehf. - trésmiðja
Tálknafjarðarhreppur

Bíldudalur
Melódíur minninganna
Ýmir ehf.

Þingeyri
Véla- og bílaþjón Kristjáns ehf.

Brú
Bæjarhreppur
Staðarskáli

Hólmavík
Grundarás ehf.
Höfðavík ehf.

Norðurfjörður
Árneshreppur

Hvammstangi
Bíla- & búvélasalan
Græna Hjólið
Bílagerði ehf.
Heilbrigðisstofnun
Hvammstanga
Húnaþing vestra
Kaupfélag Vestur-Húnvetninga
Veiðifélag Arnarvatnsheiðar
og Tvídægru
Víðigerði ehf

Blönduós
Gistiheimilið Blönduból
Lögmannsstofa
Stefáns Ólafs ehf.
Stéttarfélagið Samstaða

Skagaströnd
Höfðahreppur
Marska ehf.
Rafmagnsverkstæðið
Neistinn ehf.
Skagabyggð
Sæborg, dvalarheimili aldraðra
Trésmíðaverkstæði
Helga Gunnarssonar
Vélaverkstæði Skagastrandar

Sauðárkrókur
Árskóli
Bókhaldsþjónusta K.O.M. ehf.
Fisk - Seafood hf.
Heilbrigðisstofnunin
Sauðárkróki
Kaupfélag Skagfirðinga
Króksverk ehf.
Leiðbeiningarmiðstöðin
List - Kúnst ehf.
Mikligarður-guesthouse
RKÍ Skagafjarðardeild
Ræsting og bón ehf.
Sjávarleður hf.
Steinull hf.
Sveitarfélagið Skagafjörður
Verslun Haraldar Júlíussonar
Videósport ehf.
Vörumiðlun ehf.

Varmahlíð
Ferðaþjónustan Bakkaflöt

Hofsós
Stuðlaberg ehf.

Siglufjörður
Byggingafélagið Berg ehf.
Egilssíld ehf.
Siglufjarðarkaupstaður

Akureyri
Akureyrarbær
Arkitektastofa
Svans Eiríkssonar
Arnarfell ehf. verktakar
Ásbyrgi - Flóra ehf.
B. Jensen
Bakaríið við brúna
Bautinn
Bifreiðaverkstæði
Bjarnhéðins hf.
Bifreiðaverkstæðið
Baugsbót ehf.
Bílasalan Ós hf.
Blikkrás ehf.
Bókhaldsþjónusta
Birgis Marinóssonar
Brynja ehf.
Efling sjúkraþjálfun ehf.
Eining Iðja
Eldvarnarmiðstöð
Norðurlands sf.
Ferðaskrifstofa Akureyrar
Félag málmiðnaðarmanna
Akureyri
Félag verslunar- og
skrifstofufólks
G.V. gröfur ehf.
Gersemi Þröstur ehf.
Glófi ehf.
Greifinn hf.
Hafnarsamlag Norðurlands
Halldór Ólafsson,
Úr og skartgripir
Hárgreiðslustofan Eva
Hárgreiðslustofan Hártískan
Heilsugæslustöðin á Akureyri
Hlíð hf.
Hnýfill ehf.
Höldur ehf.
- Bílaleiga Akureyrar
Hörgárbyggð
K.B. bólstrun
Kjarnafæði hf.
Lögmannsstofan Lögmannshlíð
Malbikun KM
Marin ehf.
Miðstöð ehf.
Norðurmjólk
Norðurmynd hf.
Norðurorka
Oddeyrarskóli
P.A. byggingarverktaki
Passion ehf.
Rafeyri ehf.
Rafós sf.
Raftákn ehf.
Raftó ehf.
S.S. byggir ehf.
Samherji hf.
Sandblástur og málmhúðun hf.
Sjallinn Grand ehf.
Sjálfsbjörg
Slökkvilið Akureyrar
Sparisjóður Norðlendinga
Stórholt ehf.-Toyota-Akureyri
Straumrás hf.
Sundlaug Akureyrar
Svalbarðsstrandarhreppur
Tannlæknahúsið sf.
Árni Páll, Erling, Ingvi Jón
Tannlæknastofa
Ragnheiðar Hansdóttur
Tannlæknastofa
Sigrúnar Marteinsdóttur
Trukkurinn ehf.
Tölvís sf.
Tölvuþjónusta H.Á.
Vaxtarræktin ehf -Íþóttahöllinni
Vélsmiðjan Ásverk ehf.
Vörubílstjórafélagið Valur
Ölur hf.

Grenivík
Frosti ehf.
Grýtubakkahreppur
Hárgreiðslustofa
Ólafar Hjartardóttur
Sparisjóður Höfðhverfinga

Grímsey
Grímskjör ehf.
Sandvík hf.
Sigurbjörn ehf.

Dalvík
B.H.S. ehf.
bíla- og vélaverkstæði
Ektafiskur
Elektró Co. ehf.

Ólafsfjörður
Ólafsfjarðarbær
Vélsmiðja Ólafsfjarðar ehf.

Húsavík
Bílaleiga Húsavíkur ehf.
Eðalbrauð
Fensalir ehf.
/Gistiheimilið Árból
Ferðaþjónustan Hafralæk
Fjölfiskur
G.P.G. fiskverkun ehf.
Garðræktarfélag Reykhverfinga
Hárgreiðslustofa
Huldu Jónsdóttur
Hárgreiðslustofa Rikku
Hópferðabílar
Rúnars Óskarssonar hf.
Húsavíkurbær
Jarðverk ehf.
Knarrareyri ehf.
Langanes hf.
Samgönguminjasafnið Ystafelli
Skóbúð Húsavíkur
Tjörneshreppur
Trésmiðjan Rein ehf.
Ökuskóli Húsavíkur ehf.

Laugar
Norðurpóll ehf.
Þingeyjarsveit

Reykjahlíð
Hótel Reykjahlíð
Leikskólinn
Sniðill hf.

Kópasker
RKÍ Öxarfjarðardeild
Röndin ehf.
Ungmennafélag Öxfirðinga
Öxarfjarðarhreppur

Raufarhöfn
Þorgeir Hjaltason
Önundur ehf.

Þórshöfn
BSB Viðgerðir ehf.
Dvalarheimilið Naust
Ferðaþjónusta bænda
Ytra-Álandi
Geir ehf.
Haki ehf.
Hraðfrystistöð Þórshafnar hf.
Verkalýðsfélag Þórshafnar
Þórshafnarhreppur

Vopnafjörður
Bílar og vélar ehf.
Ferðaþjónusta Syðri-Vík
Jónsver ses
Verktakafyrirtækið Ljósaland hf.
Vopnafjarðarhreppur

SAMSKIP
Góa-Linda
Dún og fiður
ehf.
Laugavegi 87
S. 511-2004

Jólaball Neistans

Jólaball Neistans var haldið í safnaðarheimili Seljakirkju þann 3. desember síðastliðinn. Þar var að vanda mikið fjör og gaman, sungið og gengið í kringum jólatréð með jólasveinum við undirleik hljómsveitarinnar SÍBS bandið, neytt góðra veitinga frá Beiðholtsbakarí og allir krakkarnir fengu nammipoka.

Aðalflutningar
Öryggi alla leið

KOLAPORTIÐ

Grindavíkurkraftur

Helgi Einar Harðarson og nokkrir aðrir hressir strákar í Grindavík tóku sig til fyrir síðustu jól og stofnuðu góðgerðafélag Grindavíkurkraft. Markmiðið er að styðja eitthvert þarft málefni einu sinni á ári. Neistinn varð fyrstur fyrir valinu og hlaut peningagjöf að upphæð 100 þúsund krónur og tók Margrét Ragnars formaður við þeim á Þorláksmessu.

„Við öfluðum peninganna með teiti á kránni Lukkuláka, sem Þorlákur Guðmundsson á og rekur," segir Helgi. „Sjómenn gáfu okkur fisk sem matreiddur var á staðnum og boðið var upp á fjölbreytt skemmtiatriði. Idolstjarnan Kalli Bjarni og Grétar félagi hans fluttu nokkur lög, Sigurbjörn Dagbjartsson og Hjálmar Hallgrímsson tóku líka lagið, Kalli blindi var með uppistand og töframaðurinn Sveinbjörn Sigurðsson sýndi listir sínar. Við erum þeim og Þorláki mjög þakklátir, því án þessarra góðu manna hefði ekkert orðið úr þessu."

Frá vinstri: Birgir Hermannsson, Þorlákur Guðmundsson, Margrét Ragnars, Sigríður Huld, dóttir hennar og Helgi Einar Harðarson

Félagsþjónusta Kópavogs

Félagsþjónusta Kópavogs
Fannborg 4
Sími: 570-1400

Afgreiðslutími
Mánudaga til miðvikudaga
frá kl. 8.30 til 16.30
Fimmtudaga frá kl. 8.30 til 18.30
Föstudaga frá kl. 9.00 til 13.00

www.kopavogur.is

HOMEBLEST
GOTT...
...BÁÐUM MEGIN!

Stjórnarkona Neistans á Alþingi

Eftir Söndru Franks, gjaldkera Neistans.

Fyrir skemmstu settist ég á Alþingi í þrjár vikur vegna fjarveru Rannveigar Guðmundsdóttur. Ég lagði þar fram þingsályktunartillögu um mál sem lengi hefur verið mér hugleikið. „Um skattaumhverfi líknarfélaga.“ Líknarfélög hér á landi vinna margvísleg þjóðþrifaverk en þau njóta samt ekki sömu skattfríðinda og líknarfélög í Evrópu og Bandaríkjunum. Í þessu tel ég felast óskiljanlegt ranglæti.

Í þingsályktunartillögunni er fjármálaráðherra falið að leggja fyrir Alþingi frumvarp þar sem skattareglum verði breytt þannig að íslensk líknarfélög njóti sömu skattfríðinda og erlendis. Mest áhersla er lögð á undanþágu vegna fjármagnstekjuskatts, því löng reynsla mín af starfi fyrir Neistann sýnir mér, að það er stærsti bitinn sem ríkið klípur af þeim með skattheimtu.

Í dag njóta íslensk líknarfélög ekki undanþágu frá greiðslu fjármagnstekjuskatts. Þau eru heldur ekki undanþegin erfðafjárskatti eins og áður. Því var breytt með mjög umdeildum hætti árið 2004. Þau hafa heldur ekki lagalegan rétt til endurgreiðslu á virðisaukaskatti á aðföngum. Á Íslandi er einstaklingum heldur ekki heimilt að draga framlög sín til góðgerðarfélaga eða líknarfélaga frá skattstofni - eins og gilti þó fyrir árið 1979 og var þeim mikil lyftistöng. Í Evrópu og Bandaríkjunum eru allar þessar undanþágur í gildi, því stjórnvöld þar skilja betur hversu gríðarlega mikilvægt starf líknarfélaga er. Um síðasta þáttinn, skattafrádrátt vegna gjafa og framlaga einstaklinga flutti Einar Karl Haraldsson mjög fína tillögu þegar hann sat á Alþingi fyrir skömmu en hún var því miður ekki samþykkt.

Afstaða íslenskra stjórnvalda varðandi þennan síðasta lið, skattafrádrátt vegna gjafa einstaklinga, er einkennileg svo ekki sé meira sagt. Í öllum öðrum löndum er skattafrádráttur vegna framlaga til góðgerðarsamtaka og líknarfélaga talinn vera mikilvæg hvatning til einstaklinga til að láta eitthvað af höndum rakna til starfsemi þeirra. Ísland er eina landið þar sem þetta er ekki heimilt. Lögaðilar mega þó hér á landi draga 0,5% af tekjum sínum frá skattstofni vegna framlaga til líknar- og mannúðarmála.

Ég hef sjálf unnið sjálfboðaliðastarf í nær áratug fyrir Neistann. Ég veit því að fjármagnstekjuskatturinn er líklega þyngsta byrðin sem þau bera af hálfu skattmanns. Styrktarsjóður hjartveikra barna hefur til dæmis á síðastliðnum fimm árum samtals greitt í fjármagnstekjuskatt af vaxtatekjum kringum 1700 þúsund krónur. Óhætt er að segja að það skjóti skökku við að frjáls félagasamtök, sem með söfnunum og sjálfboðastarfi létta á útgjöldum ríkisins, skuli þurfa að greiða því háar upphæðir í skatta af vaxtatekjum.

Varaþingkona Samfylkingarinnar.

Tilgangur minn með tillögunni er því að fá stjórnvöld til að breyta skattalögum með ferns konar hætti:

Líknarfélög ættu ekki að þurfa að greiða fjármagnstekjuskatt og erfðafjárskatt. Auk þess ættu þau að fá lagalegan rétt til endurgreiðslu á virðisaukaskatti á aðföngum, og einstaklingar ættu að fá rúma heimild til að draga frá skattstofni sínum framlög til líknarfélaga.

Fátt bendir til annars en hlutverk líknarfélaga muni fara vaxandi í samfélaginu. Almennt er viðurkennt að þau vinna að verðugum félagslegum verkefnum, sem opinberar stofnanir þyrftu annars að sinna, og verja til þess meira af fjármagni skattborgaranna en ella. Það er líka persónuleg skoðun mín að æskilegt væri að frjáls líknarsamtök og góðgerðarsamtök tækju að sér meira hlutverk í samfélaginu í framtíðinni. Í því ljósi er einkar nauðsynlegt að bæta skattalegt umhverfi þeirra og skapa þannig aukna hvatningu til að einstaklingar og félagasamtök leggi meira af höndum til þeirra.

TOYOTA
66° NORÐUR
AMERICAN STYLE

.....Neistinn þakkar fyrir stuðninginn

Egilsstaðir
Bílamálun Egilsstöðum ehf
Björn Kristleifsson
Bólholt hf.
Fellabakarí
Fjalladýrð
Fljótsdalshérað
G. Ármannsson ehf.
Grunnskólinn Egilsstöðum og Eiðum
Hestaleigan Eiðum
Hetjan
Héraðsverk ehf.
Hitaveita Egilsstaða og Fella
Hótel Svartiskógur
Kaupfélag Héraðsbúa
Malarvinnslan hf.
Miðás hf.
Shell skálinn, Egilsstöðum
Skógrækt ríkisins
Skriðuklaustur-Gunnarsstofnun
Sólskógar ehf.
Tréiðjan Einir hf.
Trésmiðja Guðna Þórarinssonar
Verkfræðistofa Austurlands hf.
Verslunarmannafélag Austurlands
Verslunin Skógar ehf.
Ökuskóli Austurlands

Seyðisfjörður
Seyðisfjarðarkaupstaður

Reyðarfjörður
Trévangur hf.
Þvottabjörn ehf.

Eskifjörður
Bílaverkstæði Ásbjörns
Bræður og systur - Eignarhaldsfél.
Eskja hf.
Héraðssjóður Austfjarðaprófastsdæmis
HS RAF verslun og þjónusta
Videoleiga Eskifjarðar
Viðhald fasteigna

Neskaupstaður
Sparisjóður Norðfjarðar
Rafgeisli Tómas R. Zoéga ehf.
Tónspil

Breiðdalsvík
Hótel Bláfell - Vinamót ehf.

Djúpivogur
Ferðaþjónustan Eyjólfsstöðum
Víðir og Alda ehf.

Höfn
Árnanes gistihús
Bókhaldsstofan ehf.
Ferðaþjónustan Stafafell í Lóni
Mikael ehf.
Rósaberg ehf.
Skinney - Þinganes hf.
Sveitarfélagið Hornafjörður

Selfoss
Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands
Árvirkinn ehf.
Bílamálun Agnars
Bílaþjónusta Péturs ehf.
Bjarnabúð
Bókaútgáfan Björk
Bónfeðgar ehf.
Byggingafélagið Laski ehf.
Do-Re-Mi
Dýralæknaþjónusta Suðurlands
Fasteignasalan Bakki ehf.
Fræðslunet Suðurlands
Grímsness- og Grafningshreppur
Guðmundur Sigurðsson
Holræsa- og stífluþjónusta Suðurlands ehf.
Hópferðabílar Guðmundar Tyrfingssonar
Hótel Gullfoss - Brattholti
Hraungerðishreppur
Húsið Gisting
JÁ Verk ehf.
Jeppasmiðjan ehf.
Jötunn vélar ehf.
Litla kaffistofan ehf.
Nesey ehf.
Nesós ehf.
Prentsmiðja Suðurlands ehf.
Rafmagnsverkstæði Jens Péturs
Raföld ehf.
Renniverkstæði Björns Jenssen
Ræktunarsamband Flóa og Skeiða
S.G. hús hf.
Selfossveitur
Set ehf.
Sjúkraþjálfun Selfoss ehf.
Skólaskrifstofa Suðurlands
Tindaborgir ehf.
Verkfræðistofa Suðurlands ehf.
Verslunin Íris, Kjarnanum
Villingaholtshreppur
Vinnuvélar - Svínavatni
Vöruflutningar Magnúsar G. Öfjörð

Hveragerði
Bíl - X
Cafe Kidda Rót
Dvalarheimilið Ás
Eldhestar ehf. - Vellir Ölfusi
Grunnskólinn
Heilsustofnun N.L.F.Í.
Hveragerðisbær
Hverakaup ehf.
Shell Skálinn
Verkalýðsfélagið Boðinn

Þorlákshöfn
Fagus ehf.
Frostfiskur ehf.
Ísfélag Þorlákshafnar

Eyrarbakki
Hárgreiðslustofa Ingibjargar Eiríksdóttur

Stokkseyri
Við fjöruborðið

Laugarvatn
Ásvélar ehf.
Verslunin H-Sel Laugarvatni

Flúðir
Ferðaþjónustan Syðra-Langholti
Hitaveita Flúða og nágrennis
Vélaverkstæðið Klakkur

Hella
Bílaverkstæðið Rauðalæk ehf.
Gróðrastöð Birgis
Heflun ehf. Verktakaþjónusta
Hekluhestar
Héraðssjóður Rangárvallaprófastsdæmis
Rangá hf.
Rangárþing ytra v/bókasafns
Varahlutaverslun Björns Jóhannssonar
Vörufell

Hvolsvöllur
Ferðaþjónustan Stórumörk
Héraðsbókasafn Rangæinga
Kjörorka ehf.
Krappi ehf.
RKÍ Rangárvallasýsludeild

Vík
Hrafnatindur ehf.
Mýrdalshreppur
Kirkjubæjarklaustur
Hótel Icelandair

Vestmannaeyjar
2Þ ehf.
Bessi ehf
Bílaverkstæðið Bragginn sf.
Bílverk ehf.
Eyjasýn ehf.
Eyjavík ehf.
Frár ehf
Gallerí Prýði - Ramminn ehf.
Ísfélag Vestmannaeyja hf.
Karl Kristmanns - umboðs- og heildverslun
Ós ehf.
Rannsóknasetur Háskólans
Reynistaður ehf.
Skattstofa Vestmannaeyja
Skipalyftan hf.
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Viking tours
Vinnslustöðin hf.

Smásagnasamkeppni

Verðlaunasögurnar þrjár

Í desember síðastliðnum efndi Neistinn til smásagnakeppni meðal barna. Þátttakan var alveg prýðileg, en nokkrir tugir sagna bárust. Í dómnefnd sátu Guðrún Pétursdóttir, formaður styrktarsjóðs Neistans og rithöfundarnir Áslaug Jónsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Kristjón Kormákur Guðjónsson og Þórarinn Eldjárn. Mjög sérstök verðlaun voru í boði, eða Eldbikar Harrys Potters sem SAM-bíóin gáfu, en þess má geta að slíkir bikarar voru framleiddir í mjög takmörku upplagi á heimsvísu og líklegt er að þeir eigi eftir að verða mjög verðmætir þegar fram líða stundir. Þrjár sögur voru verðlaunaðar með eldbikarnum og birtast þær hér:

Afhending verðlaunanna í sjónvarpsþættinum Ísland í býtið: Fv. Katrín, Bóel og Elín.

Rafhönnun
Ármúli 42, 108 Reykjavík
Sími: 530 8000, Fax: 588 8302
Netfang: rafhonnun@rafhonnun.is, www.rafhonnun.is
FS 98500
ISO 9001:2000

BÓNUS

LÝÐHEILSUSTÖÐ

Neistans:

Gráni gamli

Eftir Elísabetu Eir Steinbjörnsdóttur, 13 ára.

Einu sinni þegar ég var lengst útí dalnum, þá gerðust mjög skrítnir hlutir.

Sólin var hátt á himni og gott veður. Mér leið mjög undarlega. Allt í einu sá ég hrafn á flugi, þetta var enginn venjulegur hrafn, þetta var hvítur hrafn og hann var mjög stór. Ég varð mjög hissa. En ég hélt áfram að borða græna og safaríka grasið. Það var það besta við að vera hestur á sumrin. Að fá græna og safaríka grasið. Svo allt í einu féll ég niður. Hausinn á mér hringlaði og ég vissi ekkert hvað var að gerast. Svo sá ég þennan hrafn aftur, hann var orðin enn stærri og hann flaug í norður.

Svo slokknaði allt.

Ég varð mjög áhyggjufullur. Hvað var eiginlega að gerast? Allt í einu kom skært ljós. Manneskja kom gangandi í átt til mín. Þetta var stelpan sem átti mig. Hún beygði sig niður að mér og sagði með ljúfri röddu, elsku Gráni minn þetta er allt að verða búið núna, þú ert besti hestur sem ég hef átt.

Ég vissi ekkert hvað hún var að segja en ég róaðist mjög við að heyra ljúfa fallega tóninn í rödd hennar. Hún var með tár í augum og strauk mér ljúft og svo slokknaði allt. Ég var dáinn.

gsk GlaxoSmithKline

TM

VISA

María Ósk

Eftir Katrínu Helgu Andrésdóttur, 13 ára.

Enginn vissi að hún hafði strokið. Ekki enn þá. Hún var sko hugrökk. Hafði bara strunsað út þegar mamma hennar hafði skammað hana. Kannski sæi hún mömmu sína aldrei aftur. Þá skyldi mamma hennar læra að ráðskast ekki með Maríu Ósk.

Hún hafði rokið upp í herbergi og náð í kexkökurnar, sem hún hafði geymt inni í skáp, og teppi. Þetta var líka allt sem hún þurfti. Eitthvað til að halda sér hlýrri og mat til þess að lifa á. Og ef kexið kláraðist gæti hún bara borðað ber og gras sem hún myndi finna undir öllum snjónum. Það gerðu beljurnar.

Þegar hún var komin svo langt frá húsinu sínu að hún gat næstum því ekki séð það lengur settist hún niður á eitt hringtorgið. Hún breiddi úr teppinu og settist svo með ánægjubros á vör.

„Hérna ætla ég sko að búa!“ sagði hún við sjálfa sig.

Hún borðaði kexkökurnar og horfði á bílana keyra fram hjá. Hún ætlaði sko ekki að fara að sofa klukkan hálfátta í kvöld. Í kvöld gæti hún ráðið alveg sjálf hvenær hún færi að sofa. Kannski bara klukkan tíu. Eða kannski klukkan ellefu.

„Hvað ert þú að gera hérna út á miðri göt-unni, litla stelpa? Veistu ekki að það getur verið stórhættulegt?“ spurði vinaleg gömul kona sem gekk fram hjá.

„Ég bý hérna,“ svaraði María Ósk „og svo er ég ekkert lítil. Ég verð sjö ára í vor.“ María Ósk sýndi með puttunum hvað hún yrði stór.

„Börn nú til dags,“ tautaði gamla konan og hélt svo áfram.

Eftir svolítinn tíma fór Maríu að leiðast. Hún hafði gleymt brúðunum sínum heima. Ef hún myndi nú bara rétt skjótast heim og ná í brúðurnar og koma svo aftur. Enginn myndi einu sinni taka eftir því. Já, væri það ekki bara sniðugt?

„Ástin mín, þú þarft að fara að læra,“ sagði mamma hennar þegar María Ósk skellti hurðinni á eftir sér.

„Nei! Þú ræður ekki yfir mér lengur. Ég er flutt. Og svo er ég líka hætt í skólanum,“ sagði María Ósk með þjósti.

Mamma hennar hristi hausinn. „Þú ert sko ekkert flutt, væna mín.“

María Ósk hlustaði ekki á hana heldur strunsaði bara út um dyrnar aftur. Hún gleymdi brúðunum.

En fimm mínútum seinna var hún orðin svöng og fann engin ber svo hún fór heim og sagði við mömmu sína:

„Má ég fá að gista hérna í nótt?“

Mamma hennar hló og kinkaði kolli. Og hún var ekkert reið lengur.

KFC

Orkuveita Reykjavíkur

Lyf & heilsa

Piparkökuhjartað

Eftir Bóel Sigríði Guðbrandsdóttur, 10 ára.

Einu sinni var lítið piparkökuhjarta sem óskaði þess eins að verða að alvöruhjarta.

„Æ, ég vildi að ég væri alvöruhjarta en ég er bara piparkökuhjarta sem endist ekki lengur en í viku í mesta lagi," andvarpaði litla piparkökuhjartað.

„Kvíddu engu," hvíslaði ókunnug rödd. Þetta var hjartadísin sem gat uppfyllt flestar óskir. Því miður gat hún ekki uppfyllt ósk litla piparkökuhjartans. Hún gat ekki galdrað alvöru hjarta. Það var allt of flókið mál.

Litla piparkökuhjartað gekk af stað. Þegar það hafði gengið dálitla stund heyrði það einhvern gráta. Í vegarkantinum sat lítil piparkökustjarna og grét. Piparkökuhjartað spurði hvað væri að. Piparkökustjarnan sagðist hafa týnt mömmu sinni og að hún rataði ekki heim.

„En af hverju ert þú hérna eitt á ferð, ertu að leita að einhverjum?" spurði piparkökustjarnan.

„Já," svaraði piparkökuhjartað, „ég er að leita að einhverjum sem getur breytt mér í alvöru hjarta svo að ég endist lengur en í eina viku."

Piparkökuhjartað og piparkökustjarnan héldu för sinni áfram og þeim fannst betra að ganga saman, það var ekki eins einmanalegt.

Loks komu þau að helli og í hellinum óx blóm sem þau ákváðu að slíta ekki upp. Þegar þau gengu út úr hellinum birti allt í einu ákaflega. Þau sneru sér við og sáu að blómið hafði breyst í rammgöldrótta góða álfkonu.

Nú gafst litla piparkökuhjartanu tækifæri til að spyrja hvort álfkonan gæti hjálpað piparkökustjörnunni að rata heim og hvort hún gæti breytt piparkökuhjarta í alvöru hjarta.

„Minnsta mál," sagði álfkonan um leið og hún galdraði.

Og núna slær litla hjartað í líkamanum þínum og þess vegna finnur þú stundum piparkökulykt þó að enginn sé að baka piparkökur þá stundina.



TRIS EHF
Domino's Pizza
actavis
hagur í heilsu

Himneskt góðgæti
að hætti Jóa Fel

- nýbakað og ferskt alla daga vikunnar

Kleppsvegi 152
Smáralind

Mán. - föst. 7 - 18. Laug. - sun. 7 - 16.
Mán. - föst. 9 - 19. Laug. 10 -18. Sun. 12 -18.

Pantanir í síma:
588 8998